

AUGLÝSING

um samkomulag um þátttöku í Evrópustofnunni um rekstur stórra upplýsingakerfa á svæði frelsis, öryggis og réttlætis.

Hinn 7. nóvember 2022 var aðalframkvæmdastjóra ráðs Evrópusambandsins afhent staðfestingarskjal Íslands vegna samkomulags milli Evrópusambandsins annars vegar og Konungsríkisins Noregs, Lýðveldisins Íslands, svissneska ríkjasambandsins og Furstadæmisins Liechtenstein hins vegar um þátttöku þessara ríkja í Evrópustofnuninni um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa á svæði frelsis, öryggis og réttlætis, sem gert var í Brussel 8. nóvember 2018. Samkomulagið öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 1. desember 2022.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 13. desember 2022.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG

MILLI EVRÓPUSAMBANDSINS ANNARS VEGAR OG KONUNGRÍKISINS NOREGS,
LÝÐVELDISINS ÍSLANDS, SVISSNESKA RÍKJASAMBANDSINS OG FURSTADÆMISINS
LIECHTENSTEIN HINS VEGAR UM ÞÁTTTÖKU ÞESSARA RÍKJA Í
EVROPUSTOFNUNINNI UM REKSTUR STÓRRA UPPLÝSINGATÆKNIKERFA
Á SVÆÐI FRELSIS, ÖRYGGIS OG RÉTTLÆTIS

Evrópusambandið, annars vegar og KONUNGRÍKIÐ NOREGUR, hér á eftir nefn hér á eftir nefnt „Noregur“, LÝÐVELDIÐ ÍSLAND, hér á eftir nefnt „Ísland“, SVISSNESKA RÍKJASAMBANDIÐ, hér á eftir nefnt „Sviss“ og FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN, hér á eftir nefnt „Liechtenstein“, hins vegar,

með hliðsjón af samningnum sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna¹, hér eftir nefndur „Schengen-samstarfssamningur Íslands og Noregs“,

með hliðsjón af samningnum milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi², hér á eftir nefndur „samstarfssamningur Íslands og Noregs um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac)“,

með hliðsjón af samningnum sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið og Svissneska ríkjasambandið gerðu með sér um þátttöku Svissneska ríkjasambandsins í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna³, hér á eftir nefndur „Schengen-samstarfssamningur Sviss“,

með hliðsjón af samningnum milli Evrópubandalagsins og Svissneska ríkjasambandsins að því er varðar viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða í Sviss⁴, hér á eftir nefndur „samstarfssamningur Sviss um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac)“,

með hliðsjón af bókuninni sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið, Svissneska ríkjasambandið og Furstadæmið Liechtenstein undirrituðu um aðild Furstadæmisins Liechtenstein að samningnum milli Evrópusambandsins, Evrópubandalagsins og Svissneska ríkjasambandsins um þátttöku Svissneska ríkjasambandsins í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna⁵, hér á eftir nefnd „bókunin um Schengen-samstarf Liechtensteins“,

með hliðsjón af bókuninni milli Evrópubandalagsins, Svissneska ríkjasambandsins og Furstadæmisins Liechtenstein um aðild Furstadæmisins Liechtenstein að samningnum milli Evrópubandalagsins og Svissneska ríkjasambandsins að því er varðar viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða í Sviss⁶, hér á eftir nefnd „bókunin um samstarf Liechtensteins um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac)“,

OG AÐ TEKNU TILLITI TIL EFTIRFARANDI:

¹ Stjtið. ESB L 176, 10.7.1999, bls. 36.

² Stjtið. EB L 93, 3.4.2001, bls. 40.

³ Stjtið. ESB L 53, 27.2.2008, bls. 52.

⁴ Stjtið. ESB L 53, 27.2.2008, bls. 5.

⁵ Stjtið. ESB L 160, 18.6.2011, bls. 21.

⁶ Stjtið. ESB L 160, 18.6.2011, bls. 39.

- 1) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1077/2011⁷ kom Evrópusambandið á fót Evrópustofnuninni um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa á svæði frelsis, öryggis og réttlætis, hér á eftir nefnd „stofnunin“.
- 2) Að því er Ísland og Noreg varðar telst reglugerð (ESB) nr. 1077/2011, að því marki sem hún tengist Schengen-upplýsingakerfinu II (SIS II), upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (VIS) og komu- og brottfararkerfinu (EES), vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna í skilningi Schengen-samstarfssamnings Íslands og Noregs. Að því marki sem hún tengist evrópska fingrafaragrunninum (Eurodac) og Dyflinnarnetinu (DubliNet) telst reglugerð (ESB) nr. 1077/2011 vera ný ráðstöfun í skilningi samstarfssamnings Íslands og Noregs um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac).
- 3) Að því er Sviss varðar telst reglugerð (ESB) nr. 1077/2011, að því marki sem hún tengist Schengen-upplýsingakerfinu II, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir og komu- og brottfararkerfinu, vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna, í skilningi Schengen-samstarfssamnings Sviss. Að því marki sem hún tengist evrópska fingrafaragrunninum og Dyflinnarnetinu telst reglugerð (ESB) nr. 1077/2011 vera ný ráðstöfun í skilningi samstarfssamnings Sviss um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac).
- 4) Að því er Liechtenstein varðar telst reglugerð (ESB) nr. 1077/2011, að því marki sem hún tengist Schengen-upplýsingakerfinu II, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir og komu- og brottfararkerfinu, vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna, í skilningi bóknarinnar um Schengen-samstarf Liechtensteins. Að því marki sem hún tengist evrópska fingrafaragrunninum og Dyflinnarnetinu telst reglugerð (ESB) nr. 1077/2011 vera ný ráðstöfun í skilningi bóknarinnar um samstarf Liechtensteins um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac).
- 5) Í reglugerð (ESB) nr. 1077/2011 er kveðið á um að samkvæmt viðeigandi ákvæðum samstarfssamninganna beri að gera samkomulag þar sem tilgreint er m.a. eðli og umfang og ítarlegar reglur um þátttöku landa, er taka þátt í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna og ráðstöfunum tengdum Dyflinnarsamstarfinu og evrópska fingrafaragrunninum (Eurodac), í starfi stofnunarinnar, þ.m.t. ákvæði um fjárframlög, starfsfólk og atkvæðisrétt.
- 6) Í samstarfssamningunum er ekki fjallað um á hvaða hátt Noregur, Ísland, Sviss og Liechtenstein skuli taka þátt í starfsemi nýrra stofnana sem Evrópusambandið kemur á fót í tengslum við frekari þróun Schengen-réttarreglnanna og ráðstafana sem tengjast evrópska fingrafaragrunninum og ákvarða ætti tiltekna þætti varðandi aðkomu þeirra að stofnuninni í viðbótarsamkomulagi milli aðila að samstarfssamningunum.
- 7) Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (Hagstofa Evrópusambandsins) safnar ekki lengur tölum um verga þjóðarframleiðslu og því ætti að reikna fjárframlag Noregs og Íslands út á grundvelli vergrar landsframleiðslu líkt og í tilviki framlaga Sviss og Liechtensteins, þrátt fyrir tilvísanir til vergrar þjóðarframleiðslu í Schengen-samstarfssamningi Íslands og Noregs og samstarfssamningi Íslands og Noregs um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac).

HAFA KOMIÐ SÉR SAMAN UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

Umfang þátttöku.

Noregur, Ísland, Sviss og Liechtenstein skulu taka fullan þátt í starfi stofnunarinnar eins og lýst er í reglugerð (ESB) nr. 1077/2011 og í samræmi við skilmála þessa samkomulags.

⁷ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1077/2011 frá 25. október 2011 um að koma á fót Evrópustofnun um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa á svæði frelsis, öryggis og réttlætis (Stjtið. ESB L 286, 1.11.2011, bls. 1), eins og henni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/2226 frá 30. nóvember 2017 um að koma á fót komu- og brottfararkerfi til að skrá upplýsingar um komur og brottfarir og upplýsingar um synjanir um komu ríkisborgara þriðju landa, sem fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna, og um að ákvarða skilyrði fyrir aðgangi að komu- og brottfararkerfinu í löggæslutilgangi og um breytingu á samningnum um framkvæmd Schengen-samkomulagsins og á reglugerðum (EB) nr. 767/2008 og (ESB) nr. 1077/2011 (Stjtið. ESB L 327, 9.12.2017, bls. 20).

2. gr.

Stjórn.

1. Noregur, Ísland, Sviss og Liechtenstein skulu eiga fulltrúa í stjórn stofnunarinnar eins og mælt er fyrir um í 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1077/2011.
2. Noregur, Ísland, Sviss og Liechtenstein skulu hafa atkvæðisrétt, sem takmarkast við þau upplýsingakerfi sem þau taka þátt í, varðandi eftirfarandi:
 - a) ákvarðanir um prófanir og um tækniforskriftir varðandi þróun og rekstrarstjórnun kerfanna og fjarskiptavirkisins,
 - b) ákvarðanir um verkefni í tengslum við þjálfun í tæknilegri notkun Schengen-upplýsingakerfisins II, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, evrópska fingrafaragrunnsins og komu- og brottfararkerfisins skv. 3., 4. og 5. gr. og 5. gr. a, eftir því sem við á, í reglugerð (ESB) nr. 1077/2011, að undanskildum ákvörðunum um að efna til sameiginlega grunnnámskeiðsins,
 - c) ákvarðanir um verkefni í tengslum við þjálfun í tæknilegri notkun annarra stórra upplýsingatæknikerfa skv. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1077/2011, að undanskildum ákvörðunum um að efna til sameiginlega grunnnámskeiðsins,
 - d) ákvarðanir um samþykkt skýrslna um það hvernig Schengen-upplýsingakerfið II, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir og komu- og brottfararkerfið hafa reynst tæknilega séð, skv. t-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1077/2011,
 - e) ákvarðanir um samþykkt ársskýrslu um starfsemi miðlægs kerfis evrópska fingrafaragrunnsins, skv. u-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1077/2011,
 - f) ákvarðanir um samþykkt skýrslna um þróun komu- og brottfararkerfisins, skv. sa-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1077/2011,
 - g) ákvarðanir um birtingu tölfræðilegra upplýsinga varðandi Schengen-upplýsingakerfið II, skv. w-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1077/2011,
 - h) ákvarðanir um samantekt tölfræðilegra upplýsinga um starfsemi miðlægs kerfis evrópska fingrafaragrunnsins, skv. x-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1077/2011,
 - i) ákvarðanir um birtingu tölfræðilegra upplýsinga varðandi komu- og brottfararkerfið, skv. xa-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1077/2011,
 - j) ákvarðanir um árlega birtingu skrárinnar yfir lögbær yfirvöld sem hafa heimild til að leita beint í gögnum í Schengen-upplýsingakerfinu II, skv. y-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1077/2011,
 - k) ákvarðanir um árlega birtingu skrárinnar yfir einingarnar sem um getur í 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 603/2013⁸, skv. z-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1077/2011,
 - l) ákvarðanir um skrána yfir lögbær yfirvöld skv. 2. mgr. 65. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, skv. za-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1077/2011,
 - m) ákvarðanir um skýrslur um það hvernig önnur stór upplýsingatæknikerfi hafa reynst tæknilega séð, sem stofnuninni eru falin með nýrri lagagerð eða ráðstöfun sem telst vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna í skilningi Schengen-samstarfssamnings Íslands og Noregs, Schengen-samstarfssamnings Sviss og bókunarinnar um Schengen-samstarf Liechtensteins eða með nýrri lagagerð eða ráðstöfun í skilningi samstarfssamnings Íslands og Noregs um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac), samstarfssamnings Sviss um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac) og bókunarinnar um samstarf Liechtensteins um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac),
 - n) ákvarðanir um birtingu tölfræðilegra upplýsinga varðandi önnur stór upplýsingatæknikerfi sem stofnuninni eru falin með nýrri lagagerð eða ráðstöfun sem telst vera þróun á ákvæðum

⁸ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 603/2013 frá 26. júní 2013 um stofnun evrópska fingrafaragrunnsins „Eurodac“ til að bera saman fingraför í því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu reglugerðar (ESB) nr. 604/2013 um að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd sem ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur leggur fram í einu aðildarríkjanna og um beiðnir löggæslufirvalda aðildarríkjanna og Evrópulögreglunnar um samanburð á gögnum í evrópska fingrafaragrunninum í löggæslutilgangi og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1077/2011 um að koma á fót Evrópustofnun um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa á svæði frelsis, öryggis og réttlætis (Stjtið. ESB L 180, 29.6.2013, bls. 1).

Schengen-réttarreglnanna í skilningi Schengen-samstarfssamnings Íslands og Noregs, Schengen-samstarfssamnings Sviss og bókunarinnar um Schengen-samstarf Liechtensteins eða með nýrri lagagerð eða ráðstöfun í skilningi samstarfssamnings Íslands og Noregs um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac), samstarfssamnings Sviss um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac) og bókunarinnar um samstarf Liechtensteins um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac),

- o) ákvarðanir um árlega birtingu skrár yfir lögbær yfirvöld sem hafa aðgang að gögnum sem skráð eru í öðrum stórum upplýsingateknikerfum sem stofnuninni eru falin með nýrri lagagerð eða ráðstöfun sem telst vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna í skilningi Schengen-samstarfssamnings Íslands og Noregs, Schengen-samstarfssamnings Sviss og bókunarinnar um Schengen-samstarf Liechtensteins eða með nýrri lagagerð eða ráðstöfun í skilningi samstarfssamnings Íslands og Noregs um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac), samstarfssamnings Sviss um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac) og bókunarinnar um samstarf Liechtensteins um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac).

Ef þær ákvarðanir, sem um getur í a- til o-lið, eru teknar innan ramma starfsáætlunar til margra ára eða árlegrar starfsáætlunar skal það tryggt í reglum stjórnar um framkvæmd atkvæðagreiðslu að Noregi, Íslandi, Sviss og Liechtenstein sé gert kleift að greiða atkvæði.

3. Noregi, Íslandi, Sviss og Liechtenstein skal vera heimilt að láta í ljós álit sitt á öllum málefnum sem þau hafa ekki rétt til að greiða atkvæði um.

3. gr.

Ráðgjafarhópar.

1. Noregur, Ísland, Sviss og Liechtenstein skulu eiga fulltrúa í ráðgjafarhópum stofnunarinnar eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1077/2011.
2. Þau skulu hafa atkvæðisrétt varðandi álit ráðgjafarhópanna um ákvarðanirnar sem um getur í 2. mgr. 2. gr.
3. Þeim skal vera heimilt að láta í ljós álit sitt á öllum málefnum sem þau hafa ekki rétt til að greiða atkvæði um.

4. gr.

Fjárframlög.

1. Framlög Noregs, Íslands, Sviss og Liechtensteins, hvers um sig, til tekna stofnunarinnar skulu takmarkast við þau upplýsingakerfi sem viðkomandi ríki tekur þátt í.
2. Vegna Schengen-upplýsingakerfisins II og upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir skulu Noregur, Ísland, Sviss og Liechtenstein leggja af mörkum til tekna stofnunarinnar árlega fjárhæð sem reiknuð er út á grundvelli hlutfalls vergrar landsframleiðslu landa þeirra af vergri landsframleiðslu allra þátttökuríkjana í samræmi við formúluna sem mælt er fyrir um í I. viðauka, í samræmi við 3. mgr. 11. gr. Schengen-samstarfssamnings Sviss og 3. gr. bókunarinnar um Schengen-samstarf Liechtensteins, sem vísar til aðferðarinnar við að reikna út framlög sem um getur í 3. mgr. 11. gr. Schengen-samstarfssamnings Sviss og þrátt fyrir 1. mgr. 12. gr. Schengen-samstarfssamnings Íslands og Noregs þar sem vísað er til vergrar þjóðarframleiðslu.
3. Vegna komu- og brottfararkerfisins skulu Noregur, Ísland, Sviss og Liechtenstein leggja af mörkum til tekna stofnunarinnar árlega fjárhæð sem reiknuð er út á grundvelli hlutfalls vergrar landsframleiðslu landa þeirra af vergri landsframleiðslu allra þátttökuríkjana í samræmi við formúluna sem mælt er fyrir um í I. viðauka, í samræmi við 3. mgr. 11. gr. Schengen-samstarfssamnings Sviss og 3. gr. bókunarinnar um Schengen-samstarf Liechtensteins, sem vísar til aðferðarinnar við að reikna út framlög sem um getur í 3. mgr. 11. gr. Schengen-samstarfssamnings Sviss og þrátt fyrir 1. mgr. 12. gr. Schengen-samstarfssamnings Íslands og Noregs þar sem vísað er til vergrar þjóðarframleiðslu.
4. Vegna evrópska fingrafaragrunnsins (Eurodac) skulu Noregur, Ísland, Sviss og Liechtenstein leggja af mörkum til tekna stofnunarinnar árlega fjárhæð sem reiknuð er út í samræmi við formúluna sem mælt er fyrir um í I. viðauka, í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr. 9. gr.

- samstarfssamnings Íslands og Noregs um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac), fyrstu undirgrein 1. mgr. 8. gr. samstarfssamnings Sviss um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac) og 6. gr. bókunarinnar um samstarf Liechtensteins um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac).
5. Vegna Dyflinnarnetsins (DubliNet) skulu Noregur, Ísland, Sviss og Liechtenstein leggja af mörkum til tekna stofnunarinnar árlega fjárhæð sem reiknuð er út á grundvelli hlutfalls vergrar landsframleiðslu landa þeirra af vergri landsframleiðslu allra þátttökuríkja í samræmi við formúluna sem mælt er fyrir um í I. viðauka, í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 8. gr. samstarfssamnings Sviss um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac), 3. gr. bókunarinnar um samstarf Liechtensteins um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac), sem vísar til aðferðarinnar við að reikna út framlög sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 8. gr. samstarfssamnings Sviss um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac) og þrátt fyrir aðra undirgrein 1. mgr. 9. gr. samstarfssamnings Íslands og Noregs um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac) þar sem vísað er til vergrar þjóðarframleiðslu.
 6. Að því er varðar 1. og 2. bálk fjárhagsáætlunar stofnunarinnar kemur fjárframlagið, sem um getur í 2. og 4. mgr., til greiðslu frá og með 1. desember 2012, sem er dagurinn sem stofnunin tók til starfa. Fjárframlagið sem um getur í 5. mgr. kemur til greiðslu frá og með 31. júlí 2014 sem er dagurinn þegar tækniaðstoð vegna rekstrarstjórnunar Dyflinnarnetsins var flutt til stofnunarinnar. Fjárframlagið sem um getur í 3. mgr. kemur til greiðslu frá og með 29. desember 2017 sem er dagurinn þegar stofnunin varð ábyrg fyrir þróun og rekstrarstjórnun komu- og brottfararkerfisins. Fjárframlögin skulu falla í gjalddaga frá og með næsta degi eftir gildistöku þessa samkomulags, þ.m.t. fjárhæðirnar sem koma til greiðslu fyrir tímabilið frá 1. desember 2012 til gildistökudagsins. Að því er varðar 3. bálk fjárhagsáætlunar stofnunarinnar fellur fjárframlagið sem um getur í 2. og 4. mgr. í gjalddaga frá og með 1. desember, fjárframlagið sem um getur í 5. mgr. frá og með 31. júlí 2014 og fjárframlagið sem um getur í 3. mgr. frá og með 29. desember 2017 á grundvelli viðkomandi samstarfssamninga og -bókunarinnar.
 7. Þegar umboð stofnunarinnar er rýmkað með nýrri lagagerð eða ráðstöfun, sem telst vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna í skilningi Schengen-samstarfssamnings Íslands og Noregs, Schengen-samstarfssamnings Sviss og bókunarinnar um Schengen-samstarf Liechtensteins og sem felur henni þróun og/eða rekstrarstjórnun annarra stórra upplýsingakerfa, skulu Noregur, Ísland, Sviss og Liechtenstein leggja af mörkum til tekna stofnunarinnar árlega fjárhæð sem reiknuð er út á grundvelli hlutfalls vergrar landsframleiðslu landanna af vergri landsframleiðslu allra þátttökuríkja í samræmi við formúluna sem mælt er fyrir um í I. viðauka, í samræmi við 3. mgr. 11. gr. Schengen-samstarfssamnings Sviss og 3. gr. bókunarinnar um Schengen-samstarf Liechtensteins, sem vísar til aðferðarinnar við að reikna út framlög sem um getur í 3. mgr. 11. gr. Schengen-samstarfssamnings Sviss og þrátt fyrir 1. mgr. 12. gr. Schengen-samstarfssamnings Íslands og Noregs þar sem vísað er til vergrar þjóðarframleiðslu.
 8. Þegar umboð stofnunarinnar er rýmkað með nýrri lagagerð eða ráðstöfun í skilningi samstarfssamnings Íslands og Noregs um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac), samstarfssamnings Sviss um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac) og bókunina um samstarf Liechtensteins um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac), sem felur henni þróun og/eða rekstrarstjórnun annarra stórra upplýsingakerfa skulu Noregur, Ísland, Sviss og Liechtenstein leggja af mörkum til tekna stofnunarinnar árlega fjárhæð sem reiknuð er út á grundvelli hlutfalls vergrar landsframleiðslu landanna af vergri landsframleiðslu allra þátttökuríkja í samræmi við formúluna sem mælt er fyrir um í I. viðauka, í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 8. gr. samstarfssamnings Sviss um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac), 3. gr. bókunarinnar um samstarf Liechtensteins um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac), sem vísar til aðferðarinnar við að reikna út framlög sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 8. gr. samstarfssamnings Sviss um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac) og þrátt fyrir aðra undirgrein 1. mgr. 9. gr. samstarfssamnings Íslands og Noregs um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac) þar sem vísað er til vergrar þjóðarframleiðslu.

9. Hafi Noregur, Ísland, Sviss og Liechtenstein þegar lagt af mörkum til þróunar eða rekstrarstjórnunar stórs upplýsingatæknikerfis í gegnum aðrar fjármögnunarleiðir Sambandsins, eða sé þróun og/eða rekstrarstjórnun stórs upplýsingatæknikerfis fjármögnuð með gjöldum eða öðrum mörkuðum tekjum, skulu viðeigandi framlög Noregs, Íslands, Sviss og Liechtensteins til stofnunarinnar aðlöguð til samræmis við það.

5. gr.

Réttarstaða.

Stofnunin skal hafa stöðu lögaðila samkvæmt löggjöf Noregs, Íslands, Sviss og Liechtensteins og það rétt hæfi í þeim ríkjum sem löggjöf þeirra ríkja framast veitir lögaðilum. Stofnuninni er einkum og sér í lagi heimilt að afla sér lausafjár og fasteigna eða ráðstafa þeim og hún getur verið aðili að dómsmáli.

6. gr.

Ábyrgð.

Um ábyrgð stofnunarinnar gilda ákvæði 1., 3. og 5. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1077/2011.

7. gr.

Evrópudómstóllinn.

Noregur, Ísland, Sviss og Liechtenstein viðurkenna lögsögu Evrópudómstólsins yfir stofnuninni, eins og kveðið er á um í 2. og 4. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1077/2011.

8. gr.

Sérréttindi og friðhelgi.

Noregur, Ísland, Sviss og Liechtenstein skulu beita reglunum um sérréttindi og friðhelgi, sem mælt er fyrir um í II. viðauka og sem byggja á bókuninni um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins gagnvart stofnuninni og starfsfólki hennar, sem og hvers konar reglum sem samþykktar eru samkvæmt þeirri bókun varðandi starfsmannamál stofnunarinnar.

9. gr.

Starfsfólk stofnunarinnar.

1. Í samræmi við 1. mgr. 20. gr. og 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1077/2011 gilda starfsmannareglur embættismanna og ráðningarskilmálar annarra starfsmanna Evrópusambandsins, reglur sem stofnanir Evrópusambandsins hafa samþykkt sameiginlega til beitingar þessum starfsmannareglum og reglur, sem stofnunin hefur samþykkt í samræmi við 8. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1077/2011, um ríkisborgara Noregs, Íslands, Sviss og Liechtensteins sem ráðnir eru sem starfsmenn stofnunarinnar.
2. Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. mgr. 12. gr. og a-liðar 3. mgr. 82. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna Evrópusambandsins er framkvæmdastjóra stofnunarinnar heimilt að ráða til starfa, með samningi, ríkisborgara Noregs, Íslands, Sviss og Liechtensteins sem njóta fullra borgaralegra réttinda, í samræmi við gildandi reglur um val og ráðningu starfsmanna sem stofnunin hefur samþykkt.
3. Ákvæði 6. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1077/2011 gilda að breyttu breytanda um ríkisborgara Noregs, Íslands, Sviss og Liechtensteins.
4. Óheimilt er þó að skipa ríkisborgara Noregs, Íslands, Sviss og Liechtensteins í stöðu framkvæmdastjóra skrifstofunnar.

10. gr.

Starfsmenn og sérfræðingar sem eru lánaðir til starfa.

Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um starfsmenn og sérfræðinga sem lánaðir eru til starfa:

- a) hvers konar þóknanir, hlunnindi og aðrar greiðslur frá stofnuninni skulu undanþegnar landsbundnum sköttum,

- b) svo lengi sem þeir heyra undir almannatryggingakerfi landsins, sem þeir eru lánaðir til starfa frá til stofnunarinnar, skulu þeir vera undanþegnir öllum skylduðgjöldum til almanna-tryggingastofnana í gistilöndum stofnunarinnar. Þar af leiðandi skulu þeir ekki heyra, á þessu tímabili, undir almannatryggingareglur gistilands stofnunarinnar þar sem þeir vinna nema þeir kjósi að gerast aðilar að almannatryggingakerfi þess lands.

Ákvæði þessa liðar gilda, *að breyttu breytanda*, um aðstandendur sem eru til heimilis hjá sérfræðingum sem lánaðir eru til starfa nema þeir starfi hjá öðrum vinnuveitanda en stofnuninni eða fái almannatryggingabætur frá gistilandi stofnunarinnar.

11. gr.

Barátta gegn svikum.

1. Að því er Noreg varðar skal beita þeim ákvæðum, sem sett eru fram í 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1077/2011, og skulu Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og Endurskoðunarrétturinn hafa heimild til að beita þeim valdheimildum sem þeim hafa verið veittar. Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum og Endurskoðunarrétturinn skulu tilkynna *Ríkis-revisjonen* tímanlega um öll áform um að framkvæma vettvangseftirlit eða úttektir, og er *Ríkis-revisjonen* heimilt að taka þátt í þeim óski norsk stjórnvöld þess.
2. Að því er Ísland varðar skal beita þeim ákvæðum, sem sett eru fram í 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1077/2011, og skulu Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum og Endurskoðunarrétturinn hafa heimild til að beita þeim valdheimildum sem þeim hafa verið veittar. Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum og Endurskoðunarrétturinn skulu tilkynna *Ríkis-endurskoðun* tímanlega um öll áform um að framkvæma vettvangseftirlit eða úttektir, og er *Ríkis-endurskoðun* heimilt að taka þátt í þeim óski íslensk stjórnvöld þess.
3. Að því er Sviss varðar er í III. viðauka mælt fyrir um ákvæði varðandi 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1077/2011, sem tengist fjármálastjórn Evrópusambandsins í Sviss að því er varðar þátttakendur frá Sviss í starfsemi stofnunarinnar.
4. Að því er Liechtenstein varðar er í IV. viðauka mælt fyrir um ákvæði varðandi 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1077/2011, sem tengist fjármálastjórn Evrópusambandsins í Liechtenstein að því er varðar þátttakendur frá Liechtenstein í starfsemi stofnunarinnar.

12. gr.

Lausn deilumála.

1. Rísi ágreiningur um beitingu þessa samkomulags skal setja málið opinberlega á dagskrá fundar samsettu nefndarinnar á ráðherrastigi sem ágreiningsmál.
2. Samsetta nefndin skal hafa 90 daga til að leysa ágreininginn frá þeim degi að telja sem dagskráin, sem ágreiningsmálið hefur verið sett á, er samþykkt.
3. Geti samsetta nefndin ekki leyst ágreining varðandi Schengen-tengd málefni á því 90 daga tímabili sem um getur í 2. mgr. skal bæta við 30 dögum til að finna endanlega lausn. Finnist ekki endanleg lausn er samkomulagi þessu slitið að því er varðar ríkið sem ágreiningurinn varðar sex mánuðum eftir lok 30 daga tímabilsins.
4. Geti samsetta nefndin ekki leyst ágreining varðandi málefni tengd evrópska fingrafaragrunninum (Eurodac) á því 90 daga tímabili sem um getur í 2. mgr. skal bæta við 90 dögum til að finna endanlega lausn. Hafi sameiginlega/samsetta nefndin ekki tekið ákvörðun við lok þess tímabils telst samkomulagi þessu slitið að því er varðar ríkið sem ágreiningurinn varðar þegar síðasti dagur þess tímabils er liðinn.

13. gr.

Viðaukar.

Viðaukarnir við samkomulag þetta eru óaðskiljanlegur hluti þess.

14. gr.

Gildistaka.

1. Aðalframkvæmdastjóri ráðs Evrópusambandsins skal vera vörsluaðili samkomulags þessa.

2. Evrópusambandið, Noregur, Ísland, Sviss og Liechtenstein skulu samþykkja samkomulag þetta í samræmi við eigin málsmeðferðarreglur.
3. Til þess að samkomulag þetta öðlist gildi þarf Evrópusambandið að samþykkja það ásamt að minnsta kosti einum öðrum aðila að því.
4. Samkomulag þetta öðlast gildi gagnvart hverjum aðila að samkomulaginu fyrir sig fyrsta dag fyrsta mánaðar eftir að skjal hans um samþykki hefur verið afhent vörsluaðila til vörslu.

15. gr.

Gildi og slit.

1. Samkomulag þetta er til ótiltekins tíma.
2. Að því er Ísland og Noreg varðar fellur þetta samkomulag úr gildi sex mánuðum eftir að Schengen-samstarfssamningi Íslands og Noregs er sagt upp af hálfu Íslands eða Noregs eða með ákvörðun ráðs Evrópusambandsins eða eftir að honum er slitið á annan hátt í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 8. gr. (4. mgr.), 11. gr. (3. mgr.) eða 16. gr. þess samnings. Það fellur einnig úr gildi sex mánuðum eftir að samstarfssamningi Íslands og Noregs um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac) er slitið eða sagt upp í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 4. gr. (7. mgr.), 8. gr. (3. mgr.) eða 15. gr. þess samnings. Samningur sá er um getur í 17. gr. Schengen-samstarfssamnings Íslands og Noregs skal einnig taka til afleiðinga þess að samkomulagi þessu er slitið.
3. Að því er Sviss varðar fellur þetta samkomulag úr gildi sex mánuðum eftir að Schengen-samstarfssamningi Sviss er sagt upp af hálfu Sviss eða með ákvörðun ráðs Evrópusambandsins eða eftir að honum er slitið á annan hátt í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 7. gr. (4. mgr.), 10. gr. (3. mgr.) eða 17. gr. þess samnings. Það fellur einnig úr gildi sex mánuðum eftir að samstarfssamningi Sviss um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac) er slitið eða sagt upp í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 4. gr. (7. mgr.), 7. gr. (3. mgr.) eða 16. gr. þess samnings.
4. Að því er Liechtenstein varðar fellur þetta samkomulag úr gildi sex mánuðum eftir að bókun Liechtensteins um Schengen-samstarfið er sagt upp af hálfu Liechtensteins eða með ákvörðun ráðs Evrópusambandsins eða eftir að henni er slitið á annan hátt í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. gr., 5. gr. (4. mgr.) eða 11. gr. (1. og 3. mgr.) þeirrar bókunar. Það fellur einnig úr gildi sex mánuðum eftir að bókun Liechtensteins um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac) er slitið eða sagt upp í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. gr., 5. gr. (7. mgr.) eða 11. gr. (1. og 3. mgr.) þeirrar bókunar.
5. Samkomulag þetta skal gert í einu frumriti á búlgörsku, dönsku, eistnesku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, króatísku, lettnesku, litháísku, maltnesku, portúgölsku, pólsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku, spænsku, sænsku, tékknesku, ungversku, þýsku, íslensku og norsku og eru allir textarnir jafngildir.

Gjört í Brussel hinn áttunda dag nóvembermánaðar árið tvö þúsund og átján.

I. VIÐAUKI

REIKNIREGLA TIL AÐ REIKNNA ÚT FJÁRFRAMLAGIÐ

1. Noregur, Ísland, Sviss og Liechtenstein skulu leggja til tekna skrifstofunnar, sem um getur í b-lið 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1077/2011, fjárframlag sem er reiknað út með eftirfarandi hætti:

Báلكur 3

- 1.1. Að því er varðar Schengen-upplýsingakerfið II, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir (VIS) og komu- og brottfarakerfið (EES) og hver þau önnur stór upplýsingakerfi, sem stofnuninni eru falin með lagagerð eða ráðstöfun sem telst vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna í skilningi Schengen-samstarfssamnings Íslands og Noregs, Schengen-samstarfssamnings Sviss og bókunarinnar um Schengen-samstarf Liechtensteins, skal deila í endanlegar tölur yfir verga landsframléiðslu sérhvers samstarfslands, sem fyrir liggja uppfærðar þegar reikningar eru gerðir á árinu $n+1$ fyrir árið n , með samtölu fyrirbyggjandi talna yfir verga landsframléiðslu allra þeirra ríkja sem taka þátt í stofnuninni fyrir árið n . Margfalda skal prósentutöluna sem þannig fæst með heildargreiðslum til báلكs 3 í fjárhagsáætlun stofnunarinnar fyrir framangreind kerfi, sem inntar eru af hendi á árinu n , til að fá út fjárframlag sérhvers samstarfslands.
- 1.2. Að því er varðar evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac) skal fjárframlag sérhvers samstarfslands vera árleg fjárhæð sem samsvarar fastri prósentu (0,071% fyrir Liechtenstein, 4,995% fyrir Noreg, 0,1% fyrir Ísland og 7,286% fyrir Sviss) af viðeigandi fjárveitingum innan fjárhagsáætlunar fyrir fjárhagsárið. Fjárframlag sérhvers samstarfslands er reiknað út á árinu $n+1$ og er fengið með því að margfalda föstu prósentutöluna með heildargreiðslum til báلكs 3 í fjárhagsáætlun stofnunarinnar fyrir evrópska fingrafaragrunninn, sem inntar eru af hendi á árinu n .
- 1.3. Að því er varðar Dyflinnarnetið (DubliNet) og hver þau önnur stór upplýsingakerfi, sem stofnuninni eru falin með lagagerð eða ráðstöfun í skilningi samstarfssamnings Íslands og Noregs um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac), samstarfssamnings Sviss um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac) og bókunina um samstarf Liechtensteins um Dyflinnarsamstarfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac), skal deila í endanlegar tölur yfir verga landsframléiðslu sérhvers samstarfslands, sem fyrir liggja uppfærðar þegar reikningar eru gerðir á árinu $n+1$ fyrir árið n , með samtölu fyrirbyggjandi talna yfir verga landsframléiðslu allra þeirra ríkja sem taka þátt í stofnuninni fyrir árið n . Margfalda skal prósentutöluna sem þannig fæst með heildargreiðslum til báلكs 3 í fjárhagsáætlun stofnunarinnar fyrir framangreind kerfi, sem inntar eru af hendi á árinu n , til að fá út fjárframlag sérhvers samstarfslands.

Báلكur 1 og 2

- 1.4. Framlag sérhvers samstarfslands til báلكs 1 og 2 í fjárhagsáætlun stofnunarinnar vegna kerfanna sem um getur í lið 1.1, 1.2 og 1.3 er fengið með því að deila í endanlegar tölur yfir verga landsframléiðslu sérhvers samstarfslands, sem fyrir liggja uppfærðar þegar reikningar eru gerðir á árinu $n+1$ fyrir árið n , með samtölu fyrirbyggjandi talna yfir verga landsframléiðslu allra þeirra ríkja sem taka þátt í stofnuninni fyrir árið n . Margfalda skal prósentutöluna sem þannig fæst með heildargreiðslum til báلكa 1 og 2 í fjárhagsáætlun stofnunarinnar fyrir kerfin sem um getur í lið 1.1, 1.2 og 1.3, sem inntar eru af hendi á árinu n .
 - 1.5. Séu stofnuninni falin frekari stór upplýsingatæknikerfi, sem samstarfslöndin taka ekki þátt í, skal útreikningnum á framlagi þeirra til báلكs 1 og 2 breytt til samræmis við það.
2. Fjárframlagið skal greitt í evrum.
 3. Sérhvert samstarfsland skal greiða fjárframlag sitt eigi síðar en 45 dögum eftir móttöku greiðslukröfu þar að lútandi. Ef greiðslu framlagsins seinkar skal greiða vanskilavexti af útistandandi fjárhæð frá og með gjalddaga. Vextirnir skulu vera þeir vextir sem Seðlabanki Evrópu notar við

skammtímalánafyrirgreiðslur sínar, eins og þeir eru birtir í C-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins, og eru í gildi á fyrsta degi þess mánaðar sem eindagi fellur á, að viðbættum 3,5 prósentustigum.

4. Aðlaga skal fjárframlag sérhvers samstarfslands í samræmi við þennan viðauka komi til þess að fjárframlagi Evrópusambandsins, sem fært er í fjárlög Evrópusambandsins í samræmi við 44. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046, verði breytt⁹.

II. VIÐAUKI

SÉRRÉTTINDI OG FRIÐHELGI

1. Húsnæði og byggingar stofnunarinnar skulu njóta friðhelgi. Húsnæðið og byggingarnar skulu undanþegin leit, kröfu um afhendingu, eignaupptöku eða eignarnámi. Eignir og fjármunir stofnunarinnar skulu ekki falla undir neina þvingunarráðstöfun, hvort sem er af stjórnsýslulegum eða lagalegum toga, án heimildar Evrópudómstólsins.
2. Skjalasöfn stofnunarinnar skulu njóta friðhelgi.
3. Stofnunin, fjármunir hennar, tekjur og aðrar eignir skulu undanþegin öllum beinum sköttum. Engin óbein gjöld eða skattar skulu lögð á vörur og þjónustu sem flutt eru út til stofnunarinnar, til opinberra nota hennar, frá Noregi, Íslandi, Sviss og Liechtenstein. Ef um er að ræða vörur og þjónustu sem látin eru stofnuninni í té í Noregi, á Íslandi, í Sviss og Liechtenstein til opinberra nota hennar skal veitt undanþága frá virðisaukaskatti í formi endurgreiðslu eða niðurfellingar. Ef um er að ræða vörur sem látnar eru stofnuninni í té í Noregi, á Íslandi, í Sviss og Liechtenstein til opinberra nota hennar skal veitt undanþága frá vörugjöldum í formi endurgreiðslu eða niðurfellingar. Endurgreiða skal eða láta niður falla alla óbeina skatta sem stofnuninni ber að greiða í Noregi, á Íslandi, í Sviss og Liechtenstein. Endurgreiðsluumsóknir skulu almennt afgreiddar innan þriggja mánaða. Engin undanþága skal veitt vegna skatta og gjalda sem greiða verður fyrir almannaþjónustu. Mælt er fyrir um það hvernig undanþágu frá virðisaukaskatti, vörugjaldi og öðrum óbeinum sköttum er hagað í Noregi, á Íslandi, í Sviss og Liechtenstein í viðbættum við þennan viðauka. Noregur, Ísland, Sviss og Liechtenstein skulu tilkynna framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og stofnuninni um hvers konar breytingar á viðbæti hvers um sig. Senda skal út slíka tilkynningu tveimur mánuðum áður en breytingarnar öðlast gildi, ef kostur er. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna aðildarríkjum Evrópusambandsins um breytingarnar.
4. Stofnunin skal undanþegin öllum tollum og innflutnings- og útflutningsbönnum og -höftum að því er varðar vörur sem eru ætlaðar til opinberra nota: vörur, sem eru fluttar inn á þeim grundvelli, skal ekki láta af hendi, hvort heldur er gegn greiðslu eður ei, á yfirráðasvæði þess lands þangað sem þær hafa verið fluttar nema með þeim skilyrðum sem ríkisstjórn þess lands samþykkir. Stofnunin skal einnig undanþegin öllum tollum og innflutnings- og útflutningsbönnum og -höftum að því er varðar útgefið efni á vegum hennar.
5. Að því er varðar opinberar orðsendingar og sendingu allra skjala skal stofnunin njóta á yfirráðasvæði sérhvers samstarfslands þeirrar meðferðar sem það ríki veitir sendiskrifstofum. Ekki skal ritskoða opinber bréfaskipti eða aðrar opinberar orðsendingar stofnunarinnar.
6. Fulltrúar aðildarríkja Sambandsins, auk fulltrúa Noregs, Íslands, Sviss og Liechtensteins, sem taka þátt í starfi stofnunarinnar, ráðgjafar þeirra og tæknisérfræðingar skulu njóta hefðbundinna sérréttinda, friðhelgi og aðstöðu við skyldustörf sín og á ferðum sínum til og frá fundarstað.

⁹ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 frá 18. júlí 2018 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins, breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1296/2013, (ESB) nr. 1301/2013, (ESB) nr. 1303/2013, (ESB) nr. 1304/2013, (ESB) nr. 1309/2013, (ESB) nr. 1316/2013, (ESB) nr. 223/2014, (ESB) nr. 283/2014, og ákvörðun nr. 541/2014/ESB og niðurfellingu reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 (Stjtíð. ESB L 193, 30.7.2018, bls. 1).

7. Starfsmenn stofnunarinnar, í skilningi 1. gr. reglugerðar ráðsins (KBE, KSE, EBE) nr. 549/69¹⁰, skulu, á yferráðasvæði Noregs, Íslands, Sviss og Liechtensteins, án tillits til þjóðernis:
- njóta friðhelgi fyrir málsóknum vegna athafna sinna í starfi, þ.m.t. vegna orða í ræðu eða riti, með fyrirvara um ákvæði sáttmálanna er varða annars vegar reglurnar um ábyrgð embættismanna og annarra starfsmanna gagnvart Sambandinu og hins vegar lögsögu Evrópudómstólsins í ágreiningsmálum milli stofnunarinnar og starfsmanna hennar. Þeir skulu njóta þessarar friðhelgi áfram eftir að þeir láta af störfum,
 - njóta sömu aðstöðu að því er varðar gjaldmiðils- eða gjaldeyrisreglur og venjulega er veitt embættismönnum alþjóðastofnana.
8. Starfsfólk stofnunarinnar skal greiða skatt til Sambandsins af launum og þóknunum sem stofnunin greiðir þeim í samræmi við skilyrði og málsmeðferð sem Evrópuþingið og ráðið setja. Starfsfólk stofnunarinnar, í skilningi 2. gr. reglugerðar ráðsins (KBE, KSE, EBE) nr. 549/69, skal undanþegið sköttum til ríkis, sambands, fylkis, héraðs og sveitarfélags á laun og þóknunir sem stofnunin greiðir þeim. Að því er Sviss varðar skal þessi undanþága veitt í samræmi við reglur landslaga þess. Starfsfólki stofnunarinnar skal ekki vera skylt að eiga aðild að almannatryggingakerfi Noregs, Íslands, Sviss eða Liechtenstein að því tilskildu að það heyrir nú þegar undir kerfi almannatryggingabóta fyrir embættismenn og aðra starfsmenn Sambandsins. Aðstandendur starfsfólks stofnunarinnar, sem eru til heimilis hjá því, skulu heyra undir hið sameiginlega sjúkratryggingakerfi Evrópusambandsins að því tilskildu að þeir starfi ekki hjá öðrum vinnuveitanda en stofnuninni og að því tilskildu að þeir fá ekki almannatryggingabætur frá aðildarríki Sambandsins eða frá Noregi, Íslandi, Sviss eða Liechtenstein.
